

Reykjavík, 16. maí 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vísað er til óskar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsögn frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, mál nr. 731 á þingskjali 1169.

Efni frumvarpsins er fjórþætt. Í fyrsta lagi eru rýmkuð ýmis fjárhæðabök sem gilt hafa undanfarin misseri um gjaldeyriskaup einstaklinga vegna annarra þarfa en vegna vöru og þjónustu. Í öðru lagi eru ákvæði laganna um endurfjárfestingu erlendra eigna eða tekna af þeim rýmkuð og lengri frestur gefinn til endurfjárfestingar auk þess nú er heimilt að endurfjárfesta söluandvirði fasteigna. Í þriðja lagi eru heimildir Seðlabankans til eftirlits og sekta auknar mjög frá því sem áður var. Loks eru ýmsar lagfæringar gerðar til skýrleika á ákvæðum laganna í ljósi reynslunnar af gjaldeyrishöftunum.

Afstaða Samtaka fjármálafyrirtækja til frumvarpsins er blendin.

Jákvætt er að heimildir einstaklinga til fjármagnshreyfinga vegna framfærslu erlendis og ýmissa viðskipta eru rýmkaðar. Þá er jákvætt að tímafrestur vegna endurfjárfestinga er rýmkaður í 6 mánuði. Núgildandi frestur var alltof skammur. Hins vegar kunna þessa lagfæringar að draga úr þrýstingi á afnám gjaldeyrishaftanna, þ.e. gera þau bærulegri fyrir almenning. Slíkt væri neikvætt. Stórfelldustu áhrif haftanna felast í því að fjárfestingar og viðskipti sem ella hefðu átt sér ekki stað gerast og þannig eru bein áhrif að stórum hluta ósýnileg. Höftin fæla frá erlenda fjárfesta og valda lakara lánshæfismati, draga úr aðgangi að erlendu fé og gera það dýrara.


Neikvætt er hins vegar að rýmka eftirlitsheimildir Seðlabanka ennfrekar frá því sem nú er. Með breytingunni eru aðrir aðilar en þeir sem athuginin beinist að skyldaðar til þess að veita upplýsingar vegna rannsóknar mála. Ef til vill væri réttara að svo víðtækar heimildir sem þessar væru háðar því að rannsóknarheimildir fengjust frá dómstólum. Þá er neikvætt að sektarákvæði séu hert. Lagt er til að sektir verði rúmlega þrefaldaðar. Sektir á einstaklinga geti verið allt að 65 m.kr. í stað 20 m.kr. áður og sektir á lögaðila allt að 250 m.kr. í stað 75 m.kr. áður. Að mati SFF eru þessar tillögur óhóflegar. Til dæmis er vandséð að venjulegur einstaklingur geti á starfsævi sinni mætt því að greiða 65 m.kr. sekt.

Varðandi athugasemdir við einstök ákvæði vilja Samtök fjármálafyrirtækja benda á í c-lið 8. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt 13. gr. j) skuli hafa hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands áður en þær eru framkvæmdar. Er ljóst að þetta mun valda gríðarlegu óhagræði fyrir marga aðila, sérstaklega ef gengið er út frá því að sækja þurfi um staðfestingu vegna hvernar einustu greiðslu, enda margir, bæði einstaklingar og lögaðilar, með mánaðarlegar afborganir af lánnum hjá

erlendum aðilum. Auk þess rímar þetta illa við nýlögfest ákvæði um að afborganir og verðbætur skuldabréfa skulu ekki undanþegnar bannákvæðum 13. gr. c), varðandi gjaldeyrisviðskipti vegna sammingsbundinna afborgana. Veldur þetta miklu flækjustigi, þannig að sækja þarf um undanþágu vegna tiltekinna sammingsbundinna afborgana af skuldabréfi og svo í kjölfarið senda inn beiðni um staðfestingu til Seðlabankans vegna afborgunar sem áður hefur fengist undanþága fyrir frá Sí. Fæst ekki séð að þetta fyrirkomulag samrýmist því markmiði, sem fram kemur í athugasemd með ákvæðinu um að heimildin til að standa við sammingsbundnar afborganir sé fyrst og fremst hugsuð til þess að viðhalda eðlilegu og almennu samningssambandi milli aðila. Miðað við afgreiðsluhraða gjaldeyriseftirlits Seðlabankans hingað til á undanþágubeiðnum eru töluverðar líkur á því að skuldarar koma til með að lenda í vanskilum með sínar afborganir, vegna þessara ákvæða um staðfestingarforðingargæði, auk þess fyrirkomulags sem fyrr er list varðandi afborganir af skuldabréfum og var lögfest í mars sl. Lagt er til að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að um tilkynningarskyldu sé að ræða, en ekki skyldu til að fá staðfestingu frá Seðlabankanum áður en greiðsla er framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að Seðlabanki setji reglur og/eða heimili undanþágu vegna þessara takmarkana og reyndar ýmissa annarra undanþágu reglna m.a. vegna Vostro reikninga. Ekki liggur þó fyrir hvernig reglur Seðlabankans um framangreint koma til með að líta út, verði þau að lögum, og vilja Samtökin koma á framfæri að samráð verði haft við fjármálafyrirtækin um gerð þeirra.

Virðingarfyllt,



Yngvi Örn Kristinsson SFF